

Þemaverkefni

Hver er ég?

Í hinum stóra heimi, hvert er hlutverk mitt
og hver er ábyrgð mín

Miðstig

Innihald heftis

Lýsing á verkefninu 3 Lykilhugtök (hvað lærir nemandinn)? 4 Verkefnalýsing - spurningar 4
 Vika 1 4 Vika 2 6 Vika 3 7 Vika 4 9 Vika 5 11 Hvernig er forþekking nemenda könnuð? 12
 Kennsluaðferðir og skipulag 12 Hvað gera nemendur í tímum 12 Hvernig sést að nemandi
 hafi náð árangri? 12 Hvernig er kennslan/námið skipulagt til að vera einstaklingsmiðað 13
 Hvernig hjálpum við þeim sem eru seinir af stað að koma sér af stað? (Scaffolding) 13
 Hvernig er hægt að dýpka viðfangsefnið á krefjandi og skemmtilegan hátt til þess að koma til
 móts við þá sem bregðast hratt og örugglega við. 13 Hvernig fá nemendur tækifæri til þess að
 setja sér sín eigin markmið? 14 Hvernig fá nemendur tækifæri til þess að velja sér
 námsaðferðir eftir námsstíl og/áhuga? 14 Hvað vekur áhugavöt og forvitni nemandans til að
 finna svör við þeim spurningum og verkefnum sem verið er að vinna að? 14 Hvaða tækifæri
 gefast til þjálfar mismunandi hæfnipætti og hvers nemandar fyrir sig? 14 Hvað tækifæri gefast
 til að auka þekkingu og framfarir nemenda í fleiri ein einni námsgrein samhliða? 14 Mat á
 verkefni 14 Tenging við aðalnámskrá, sjálfbærniðmið og Dembra 15 Allar vikurnar: 15
 Hæfniviðmið annarra greina 17 [Samfélagsfræði](#): 17 [Íslenska](#) 18 [Stærðfræði](#) 19 [Erlend
 tungumál](#) 20 [Náttúrufræði](#) 21 [Möguleg hæfniviðmið í íþróttum, list- og verkgreinum](#) 21
[Skólaíþróttir](#) 21 [List- og verkgreinar](#) 21 [Leiklist](#): 22

Myndmennt: 22 Tónmennt: 22 Heimilisfræði: 22 Hönnun og smíði: 22 Textílmennnt: 22 Að lotu
 lokinni – fyrir kennara 23

Lýsing á verkefninu

Nemendur vinna hér með samþætt verkefni sem tengist þeim sjálfum, umhverfi þeirra, samskiptum við aðra og stöðu þeirra í samfélagi manna. Verkefnið er samþætt og tengist íslensku, ensku, dönsku, samfélagsfræði, stærðfræði, náttúrufræði og upplýsingatæknimennt. Verkefnið er 4 vikna verkefni sem verður unnið í öllum bóklegum tímum. Mjög mörg hæfniviðmið eru tengd þessu verkefni, en ekki er ætlast til þess að allir nemendur uppfylli þau öll, en þó er lágmarksfjöldi 2 hæfniviðmið úr hverju þeirra faga sem hér eru nefnd í hverri viku. Verkefnið byggir að auki á grunnþáttum menntunar og lykilhæfni sem er bæði liður í því að nemendur verði upplýstir um eigin styrkleika, um ýmislegt sem getur haft áhrif á þá og aðra og þjálfir þá í samvinnu við aðra. Ábyrgð á eigin námi er að auki eitt af því sem er haft til grundvallar í þessari vinnu. Öllum afrakstri er skilað inn á Google Classroom og flest verkefnin eru samvinnuverkefni.

Lykilhugtök (hvað lærir nemandinn)?

- Ég og valkostirnir mínir
- Fyrirmyndir
- Styrkleikar mínir
- Að setja sér markmið
- Töflureiknar - útreikningar (Hvað kosta ég?)
- Um líkamann
- Orð tengd mér og líkama mínum á ensku og dönsku
- Ég í samfélagi manna og áhrif mín á nærumhverfið

Verkefnalýsing - spurningar

Vika 1

Kveikja: Hvað kosta ég?

https://www.youtube.com/watch?v=NxYQw8EVruU&list=PLLcg3lzq7mIJ9cj4v1vYpieg_8fAEdu4&index=3 **Amboð:** <https://www.youtube.com/watch?v=BwHMMZQGFoM> - Part of Body song <https://www.youtube.com/watch?v=rkeMptKh4oU> - Hoved, skulder, knæ og tå.

Áherslur vikunnar snúast um sjálfspækingu og markmiðsetningu. Verkefni vikunnar eru aðallega tengd íþróttum, stærðfræði, erlendum tungumálum, íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði. Til að kanna forþekkingu nemenda fyrir efni vikunnar byrja nemendur að velta fyrir sér tveir og tveir eftirfarandi spurningum. Þegar nemendur eru búnir að skoða þetta saman og skila inn í Google Classroom er rætt um þetta yfir allan hópinn (gott væri að kennari væri með leið til að tryggja að allir svari, t.d. með því að vera með tunguspaða og draga eitt nafn sem fer svo aftur í bunkann):

- Hvað gætum við kostað? Hvað er það sem kostar eitthvað við okkur?
- Hverjir gætu verið helstu styrkleikar okkar?
- Erum við með jákvæða mynd af okkur sjálfum?
- Ef að það kæmi nýr nemandi í bekkinn, hvernig viljum við að hann sjá okkur?
- Ef að við værum ný í bekk, hvernig myndum við láta taka á móti okkur?
- Er mikilvægt að aðrir hafi jákvæða mynd af okkur?
- Hversu mikilvægt höldum við að það sé fyrir okkur að stunda reglulega líkamsrækt/íþróttir?
- Hvernig

bekkur/árgangur viljum við vera?

1. Nemendur teikna hvort annað án þess að horfa á blaðið. Sitja á móti hvort öðru og horfa bara beint fram. - Þetta er skemmtileg hópefling og myndin fer fremst í verkefnabók/dagbók hvers nemenda.

4

2. Nemendur skrifa nokkur jákvæð lýsingarorð um hvert annað og svo nota nemendur það sem þeir fá til að útbúa Flipgrid myndband þar sem þeir lýsa sér sjálfir og tjá sig um það sem þeir fá í hendurnar frá hinum. Þessu er safnað saman á eina Flipgrid rás, þannig að allir sjá allt. Þetta er svo endurnýtt við lok árs þar sem nemendur velta fyrir sér í myndbandi hvort að þeir hafi lært eitthvað um sig á árinu sem þeir vissu ekki áður, hvort að lýsingarorðin sem þau hafi fengið, passi enn við þau og búa til nýtt myndband á svipuðum nótum og það fyrra.

3. Nemendur teikna upp sjálfan sig á maskínupappír. Þeir skrifa hvað líkamshlutarnir heita á dönsku, ensku og íslensku.

4. Nemendur sækja lagið Part of the Body Song á Youtube (<https://www.youtube.com/watch?v=BwHMMZQGFoM>) og útbúa svipað myndband og syngja textann með, en hann er hér: <http://files.havefunteaching.com/songs/song-lyrics/parts-of-the-body-song.pdf>.

5. Nemendur sækja lagið Hoved, skulder, knæ og tå á Youtube (<https://www.youtube.com/watch?v=rkeMptKh4oU>) og búa til eigið myndband þar sem þeir koma textanum til skila. Einnig vinna nemendur í kafla 1 í Start sem heitir Hvem er jeg bls. 3-8 í lesbók?

6. Nemendur velta fyrir sér hvað þau kosta. Þau setja það upp í töflureikni og búa til kökurit. Kostnaðinn setja þau á myndina af sér. Skilað inn á Google Classroom.

7. Nemendur gera könnun í bekknum. Þeir ráða hvað þeir vilja skoða en það þarf að tengjast efninu. Þeir geta skoðað líkamsvitund samnemenda, hæð eða hverjir flokka rusl og hverjir ekki. Þessu skilað í gegnum Google Classroom og er sett upp í töflureikni.

8. Nemendur skoða mikilvægi hreyfingar og hvað þeir græða á reglubundinni hreyfingu. Einnig skoða þeir hvaða sjúkdómar hrjá fólk síðar á lífsleiðinni ef að þeir stunda ekki reglubundna hreyfingu. Það er val nemenda hvernig þeir skila þessu af sér en mögulegar leiðir eru Flipgrid, Podcast, leikþáttur, fræðslumyndband eða Cospaces. Nemendur draga eigin ályktun hér og eiga að vera gagnrýnin á það sem þeir sjá, lesa og heyra. Gagnrýnin hugsun er því þjálfuð í þessu verkefni og nemendur sem hlusta á kynningar, búa til spurningar sem kynnar þurfa að geta svarað. Verkefnið er kynnt fyrir framan bekkinn.

9. Nemendur setja upp bekkjareglur sem eru skoðaðar reglulega yfir veturinn (ca. einu sinni í mánuði) og farið yfir hvernig gengur að fara eftir þeim, hvort að það sé eitthvað sem þurfi að breyta þar og það þarf samþykki allra til að svo verði.

5

Stöðvar sem nemendur gætu þurft að sækja (skrá sig á) væru kennsla í töflureiknum, kennsla í APA kerfinu eða kennsla á notkun forrita sem eru nefnd hér.

Vika 2

Kveikjur: Nútvitund: <https://www.youtube.com/watch?v=wfExIzLp3dA>

Viðbrögð líkamans: <https://www.youtube.com/watch?v=mQibmrKYOJc>

Amboð: Bókin *Maðurinn, Hugur og Heilsa* (á Google Teamdrive)

https://drive.google.com/drive/u/1/folders/1KdjDaCzIqCJYJosRkL9CsJgLUispH_q

7 Enskuverkefni: <https://www.youtube.com/watch?v=-7YBTX7vnVc>

Vísindavefurinn: https://www.visindavefur.is/vegna_thess.php?id=39

Áherslur í þessari viku eru á heilsu og vellíðan sem er eitt af heimsmarkmiðum SP. Þessu er hægt að ná með því að velta fyrir sér eigin stöðu, hvernig maður bregst við áreiti og vinnur úr því og hvernig maður getur lifað góðu og heilbrigðu lífi. Verkefni vikunnar eru aðallega tengd náttúrufræði, ensku, stærðfræði, íslensku og upplýsingatæknimennt. Til að kanna forþekkingu nemenda fyrir efni vikunnar byrja

nemendur að velta fyrir sér tveir og tveir eftirfarandi spurningum. Þegar nemendur eru búnir að skoða þetta saman og skila inn í Google Classroom er rætt um þetta yfir allan hópinn (gott væri að kennari væri með leið til að tryggja að allir svari, t.d. með því að vera með tunguspaða og draga eitt nafn sem fer svo aftur í bunkann):

a. Þegar þið verðið hrædd eða kvíðinn, hvað gerið þá þá? b. Hvað haldið þið að sé besta leiðin til að losna undan slæmum tilfinningum? c. Hvað veldur ykkur helst kvíða eða hræðslu? d. Klípusaga lesin og rædd:

Eva er svo feimin að hún þorir ekki að fara í sturtu eftir leikfimi með hinum stelpunum. Hún fær því að hætta fimm mínútum fyrr en hinir þannig að hún nær að fara ein í sturtu. Einn daginn segir Jóhanna: “Þetta er ekki réttlátt! Ég vil líka fá að hætta fimm mínútum fyrr.” Hefur Jóhanna rétt fyrir sér? e. Hvaða næringarefni þekkjum við?

1. Nemendur læra um gott mataræði og hafa bókina *Maðurinn, hugur og heilsa* sér til stuðnings en eiga að nota aðrar heimildir líka og skrá þær skv. APA kerfinu. Nemendur velja sér app eða forrit til að koma efninu frá sér en því er skilað inn á Google Classroom fyrir lok vikunnar. Nemendur svara að auki spurningum á bls. 49 í bókinni og skila á tengli á Flipgrid upptöku inn í Classroom. 2. Nemendur yfirfæra feitletraða textann á bls. 40 í bókinni *Maðurinn, hugur og*

6

heilsa í þátíð, finna 10 sagnorð, 10 nafnorð og 10 lýsingarorð í kaflanum. Athugið að þau eiga að vera í þeirri röð sem þau birtast, þannig að þið eigið að finna 10 fyrstu nafnorðin, 10 fyrstu sagnorðin og 10 fyrstu lýsingarorðin. Nemendur vinna í pörum.

3. Endurskrifið *Hóf er best* (bls. 41) þannig að textinn segi öfugt við það sem þar stendur. Athugið að stundum þarf að endurskrifa textann og ekki nóg að setja inn eitt orð eða breyta einu orði, því að þú vilt vera með þversögn. 4. Nemendur setja saman “útvarpspátt” í hlaðvarpi þar sem hver hópur velur sér

einn vinkil á mikilvægi góðs mataræðis og hreyfingar. Það geta verið matur, (vegan, allt gott í hófi, LKL....) og góð ráð til þeirra sem vilja byrja að borða hollar og hreyfa sig meira. Markmiðið með þessu verkefni að “senda efnið út” til annarra bekkja sem hafa áhuga og foreldra. 5. Nemendur finna út hver meðallaun eru í mismunandi löndum (hver hópur velur þrjú lönd) og hver kostnaður er við nauðsynjar eins og þak yfir höfuðið og mat. Þetta setja nemendur upp á veggspjöld eða í Google Sheets og kynna fyrir öðrum í lok vikunnar. 6. Nemendur vinna með Osmo Numbers.. Það er deiling og margföldun sem

nemendur eiga að vera að vinna með, en fyrir suma er samlagning og frádráttur nóg. 7. Nemendur vinna með Start í dönsku (lesbók bls. 9-11) 8. Horfið á myndbandið um nesti um víða veröld (sjá hér tengil hér fyrir ofan).

Dragið eitt af löndunum sem birtist þar og finnið uppskriftir af því sem þar er nefnt og setjið saman í eina bók. Þetta verkefni á að vera skrifað á ensku og fjallar um nesti um víða veröld. Bókina með setja saman í Book Creator eða í gegnum Google Drive - kennarar ákveða það. 9. Nemendur velja sér eitt viðfangsefni á Vísindavefnum (sjá slóð hér fyrir ofan) og

útbúa kynningu um það með eigin orðum og setja sér sjálfum markmið um hreyfinu eða mataræði fyrir ákveðið tímabil og setja inn á skilatengilinn. Árangur er metinn þegar verkefni eru kynnt í viku 5.

Að lokinni þessari viku eru nemendur spurðir hvað þeir hafi lært um mismunandi næringarefni, um hvað heilsa og vellíðan sé í þeirra huga og um aðstöðu fólks í mismunandi löndum varðandi gott húsnæði, mataræði og aðgengi að nauðsynjum.

Stöðvar sem nemendur gætu þurft að sækja (skrá sig á) væru kennsla í töflureiknum eða kennsla á notkun forrita sem eru nefnd hér.

Vika 3

Kveikjur: Þættirnir “Hvað höfum við gert”

<https://drive.google.com/drive/u/1/folders/1AuQEkYUqOK4B6n3BDeAehyexVGMUXFPw>. Kennarar velja þætti til að sýna sem henta umræðuefni vikunnar. Krakkarúv: Um sjálfbærni <http://krakkaruv.is/faersla/sjalfbaerni-og-verndun-jardar> **Amboð:** Bækurnar Börn í okkar heimi - Menntamálastofnun (sérstaklega Flóttamenn og farandfólk og fordómar og þröngsýni)

7

Ritunarvefurinn: <https://klb.mms.is/klb/Ritunarvefurinn/smasogur/>

Áherslur í þessari viku eru á okkur í samfélagi manna. Hvernig bætum við umhverfi okkar, hvaða áhrif höfum við og neysla okkar á heildarsamhengið, hvað getum við gert til að vera sjálfbær og hjálpa til við að gera jörðina sjálfbærari? Einnig skoðum við aðstæður flóttamanna og setjum okkur viðmið um hvernig við komum fram við fólk sem er með önnur trúarbrögð en við, önnur lífsgildi eða líta öðruvísi út en við. Við skoðum sérstaklega orðræðu okkar og greinum hana. Verkefni vikunnar eru aðallega tengd

náttúrufræði, samfélagsfræði, erlendum tungumálum, stærðfræði, íslensku og upplýsingatæknimennt. Áherslur Sp um sjálfbærni eru höfð til grundvallar sem og hugmyndir Dembra um góða orðræðu og meðvitund um áhrif orða.

Til að kanna forþekkingu nemenda fyrir efni vikunnar byrja nemendur að velta fyrir sér tveir og tveir eftirfarandi spurningum. Þegar nemendur eru búnir að skoða þetta saman og skila inn í Google Classroom er rætt um þetta yfir allan hópinn (gott væri að kennari væri með leið til að tryggja að allir svari, t.d. með því að vera með tunguspaða og draga eitt nafn sem fer svo aftur í bunkann):

- a. Hvaða neikvæðu áhrif hefur maðurinn haft á jörðina? b. Erum við sjálf sjálfbær? c. Hverju getum við breytt í skólanum til að vera sjálfbær og umhverfisvæn? d. Hvað er flóttamaður? e. Hvað er farandfólk? f. Þegar við segjum brandara, erum við þá stundum að særa einhvern? g. Er hægt að segja brandara sem særir engan? h. Af hverju er ekki í lagi að segja að einhver sé hommi, faggi, þroskaheftur eða eitthvað í þá áttina?

1. Nemendur vinna með bókina Flóttamenn og farandfólk og lesa valda kafla. Einnig skoða þeir síðu Amnesty International og setja upp það sem þeir læra á fjölbreyttan hátt. Þeir geta sett upp orðaský á ensku og að auki búið til veggspjöld, búið til kynningarefni með Explain Everything, sett upp Powtoon kynningu og/eða notað Book Creator. 2. Nemendur horfa á Clouds over Sidra með 3D gleraugum. Eftir að hafa farið í gegnum flóttamannabúðirnar skrifa þeir smásögu um eitt barnið þarna. Það má ekki vera sögumaðurinn í myndbandinu. Nemendur fylgja leiðbeiningum á Ritunarvefnum (sjá tengil hér fyrir ofan). 3. Nemendur vinna með bókina Fordómar og þröngsýni sem er í bókaflöknum Börn í okkar heimi. Nemendur lesa valda kafla og útskýra í hljóðupptöku (eftir að hafa búið til handrit) hvað fordómar séu og hvernig þeim finnst að við eigum að koma í veg fyrir þá. Einnig geta nemendur sett upp leikþætti sem þeir taka upp eða sýna fyrir framan hópinn. 4. Nemendur vinna með eftirfarandi dönskuverkefni: <https://docs.google.com/document/d/1WdZYgpBJwWD5-viqdi2hK86Je2fg48OeCL6YXCsUzwl/edit?usp=sharing> og skila á Google Classroom.

8

5. Nemendur velja brandara sem þeir telja geta verið særandi fyrir einhverja og breyta þeim þannig að þeir eru enn fyndnir en ekki á kostnað neins. Brandarana

setja þeir saman í bók og gefa út (senda á kennara innan skólans og foreldra). Skilað inn í Google Classroom. 6. Hver hópur/bekkur týnir rusl í nágrenni skólans og vigtar það daglega. Þetta er skráð niður og tekið saman í vikulok. Nemendur setja upp aðgerðarplan um hugmyndir sem gætu dregið úr ruslmengun í okkar nærsamfélagi. Þeir hanna afurð sem gæti hjálpað til í þessu samhengi. 7. Hóparnir taka líka myndir af vandamálinu og skrásetja rannsókn sína á viðeigandi hátt og skila í Google Classroom.

Að lokinni þessari viku eru nemendur spurðir hvað þeir hafi lært um áhrif okkar á jörðinni og í okkar nánasta umhverfi. Þeir eru spurðir hvort að skilji betur hvað sé að vera sjálfbær og hvað þeir hafi lært um flóttafólk og farandfólk sem þeir vissu ekki áður. Við veltum líka fyrir okkur orðræðu og hvort að það sé í lagi að segja niðurlægjandi hluti um aðra ef að það er bara grín.

Stöðvar sem nemendur gætu þurft að sækja (skrá sig á) væru kennsla í töflureiknum eða kennsla á notkun forrita sem eru nefnd hér. Einnig er líklegt að einhverjir þurfi aðstoð við að læra að skrifa smásögu, að hanna (kynning á Ferli hönnunar - Design thinking) og Cloud over Sidra verður í boði á vissum tímum.

Vika 4 Kveikjur: Freedom Writers:

<https://www.youtube.com/watch?v=wwnv1LUUtWk&fbclid=IwAR28XKg1ImF1GRvsgkqzJ0JfEPyuwzJKT5zYIxl741vKfQGhBWpldylnE5Q> Amboð: Enska - Listi yfir áhrifamikið fólk

https://docs.google.com/document/d/1Qml5pPPNo06jnEs5btkUiamAc_1jyKJeFjNImhcrA7U/edit Ritunarvefurinn: <https://klb.mms.is/klb/Ritunarvefurinn/heimildaritun/>

Áherslur okkar í þessari viku eru áhrif annarra á okkur og líðan okkar. Einnig skoðum við áhrif internetsins á okkur og líf okkar. Það er þekkt að áhrif samfélagsmiðla getur verið mikið og sumir nemendur sem eiga erfitt með að leggja símana frá sér. Einnig er mismunandi hvaða áhrif fólk hefur haft á líf okkar án þess að við gerum okkur alltaf grein fyrir því. Við ætlum að vinna með það í vikunni í ensku, íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði, í stærðfræði vinnum við með algebru og dönsku með Start bókina bls. 18 til 23 og þar vinnum við að auki með hvernig fjölskyldan getur haft áhrif á líf okkar á því tungumáli. Við setjum okkur líka reglur um snjalltækja notkun í kennslustundum og á skólatíma og uppfyllum hæfniviðmið um heimildaskráningu. Til að kanna forþekkingu nemenda fyrir efni vikunnar byrja nemendur að velta fyrir sér tveir og tveir eftirfarandi spurningum. Þegar nemendur eru búnir að skoða þetta saman og skila inn í Google

Classroom er rætt um þetta yfir allan hópinn (gott væri að kennari væri með leið til að tryggja að allir svari, t.d. með því að vera með tunguspaða og draga eitt nafn sem fer svo aftur í bunkann):

9

a. Hvað og hvernig eru fyrirmyndir okkar? b. Hverjar eru helstu fyrirmyndir okkar úr samfélagsmiðlum eða úr myndum/þáttum? c. Hvað hafa þær gert sem okkur finnst spennandi? d. Eru áhrifavalda á samfélagsmiðlum alltaf góðar fyrirmyndir? i. Eru þær góðar fyrirmyndir, eða gætu þær verið okkur (eða öðrum) skaðlegar á einhvern hátt? j. Hvað vitum við um fólk sem hefur haft áhrif á daglegt líf okkar? k. Hvernig gæti netfíkn líst sér? l. Er einhver sáttur við að láta síma/spjaldtölvu stjórna sér? m. Eru sumir of mikið í símunum og hvað gætu þeir gert ef að svo er til að síminn hafi ekki áhrif á líf þeirra? n. Hvað eru þeir að gera sem eyða ekki meira en 1-2 klukkutímum á dag í tækjunum ?

1. Nemendur vinna með áhrifavalda í ensku (sjá: Listi yfir áhrifamikið fólk). Þeir útbúa kynningu á þeim og setja í það form sem þeim hentar. Þeir vinna þetta í pörum og kynna við lok vikunnar. Í kynningunni er mikilvægt að nemendur lesi ekki af blöðum, að þeir horfi yfir bekkinn og séu vel undirbúnir fyrir kynninguna. 2. Eftir að hafa horft á kveikjuna úr Freedom Writers, velta nemendur fyrir sér í litlum hópum, hver tilgangurinn með "línu leiknum" var. Saman skrifa þeir niður nokkra punkta sem koma fram í myndinni um hvað við gætum átt sameiginlegt og hvað er einstakt við okkur. Þeir velta líka fyrir sér í rituninni hvað gæti verið á bak við óvinsemd milli einstaklinga. Punktana nota þeir til að gera ritgerð upp á minnst 500 orð þar sem þeir koma niðurstöðum hópsins á framfæri og eigin pælingum. Nemendur nota mismunandi heimildir til stuðnings álitu sínu og setja ritgerðina upp sem heimildarritgerð (sjá ritunarvefurinn). 3. Nemendur greina myndir af frægu fólki sem er búið að láta "laga" sig og öðrum sem hafa ekki gert það og biðja aðra nemendur að velja bestu fyrirmyndina. Þeir skoða hvaða fræga manneskja skorar hæst í bekknum/árganginum og hvort að viðkomandi hafi látið laga sig eða ekki (þeir sem eru spurðir eru ekki gefnar þær upplýsingar). Nemendur draga svo ályktun um hvort eitthvað að þessu telst vera lítið inngríp, hvað er góð fyrirmynd og gefur bæði kennurum og nemendum möguleika á að ræða saman um líkamsvitund og það álag sem Photo shop og

áhrifavaldar samfélagsmiðlanna geta haft á fólk. Nemendur skila þessu verkefni á þann hátt sem þeim hentar best. 4. Nemendur vinna með Start bókina í dönsku bls. 18 til 23 og að auki með hvernig fjölskyldan getur haft áhrif á líf okkar á því tungumál. Nemendur skrifa upp 10 setningar sem lýsa mikilvægi fjölskyldunnar fyrir okkur (min familie er vigtig fordi...) og 10 setningar sem sýna hvað er mikilvægt fyrir þá að fjölskyldan þeirri viti um þá (Det er vigtigt for mig at min familie vider at....). Þessu er skilað inn á Google Classroom og er ekki deilt með öðrum nemendum. 5. Nemendur útbúa reglur um notkun snjalltækja í skólanum (í tímum, frímínútum og matsal). Reglurnar eru settar upp á vegg og farið reglulega yfir þær til að vita

1
0

hvort að það þurfi að breyta einhverju þar og hvort að þær séu að virka eins og nemendur vildu. 6. Nemendur “búa til barn”. Þeir byrja á upphafinu (getnaði) og segja líffræðilega og félagslega lífssögu þeirra þar til barnið deyr á gamals aldri. Barnið er ekki fætt þegar sagan byrjar, þannig að við getum reiknað með að það lifi til u.þ.b. ársins 2100. Þetta er hópavinna og nemendur nota UT til að koma sögunni til skila eða myndmennt. Þetta getur verið stopmotion myndband, leikið myndband, CoSpaces, myndasaga eða eitthvert annað form sem uppfyllir þessi skilyrði. Þar sem þetta verkefni er tengt, íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði er mikilvægt að fram komi hvað gerist við getnað og hvernig fóstur vex í móðurkviði, hvernig það fæðist, hvað það þarf og getur gert fyrstu árin, hvernig einstaklingur barnið sé, hvernig það fer í gegnum skólakerfið miðað við þá vinnu sem það mun starfa við, hvernig fjölskyldan er og hvaða áhrif hún hefur á einstaklinginn, hvernig nemendur ímyndi sér að tæknin geti haft áhrif á líf hans og hvað eina annað sem nemendum dettur í hug. Það er mikilvægt að nemendur notist við góða íslensku, því að hún er hluti af námsmatinu í þessu verkefni eins og öllum öðrum. 7. Unnið með algebru í verkefni sem hæfir þemanu.

Að lokinni þessari viku eru nemendur spurðir hvort að þeir geri sér betur grein fyrir eigin netnotkun, hversu mikilvægt net er fyrir okkur í okkar daglega lífi og hvort að “streak” sem samfélagsmiðlar hafa notað til að stýra notendum sínum sé bara til skemmtunar eða kannski stjórnþæki. Einnig eru þeir spurðir um áhrif fræga fólksins á ungt fólk, hvaða afleiðingar það getur haft þegar fæstir eru vaxnir eða hafa möguleika á að lifa og búa eins og þessar fyrirmyndir okkar.

Stöðvar sem nemendur gætu þurft að sækja (skrá sig á) væru kennsla í kennsla

á notkun forrita sem eru nefnd hér, það væri hægt að sýna alla myndina **Odd Girl Out** (sem erum einelti) <https://www.youtube.com/watch?v=dQFFp8tGdeA> og nýta hana um umræður um hvernig við komum fram við aðra og hvernig við viljum að aðrir sjái okkur.

Vika 5

1. Nemendur klára öll verkefni fyrir vikulok og undirbúa kynningu fyrir starfsfólk, foreldra og nemendur í 5. og 6. bekk. Að auki vinna þeir í bókum í þeim fögum sem þeir hafa verið að vinna með í þemanu. 2. Nemendur klára sjálfsmat og jafningjamat eftir þemavinnuna og ræða saman í

litlum námshópum (4-6 einstaklingar). Hver nemandi leggur á borðið hvað hann gerði í þemanu, hvað hann lærði og aðrir nemendur ásamt kennara ákveða viðeigandi námsmat.

11

Hvernig er forþekking nemenda könnuð?

Nemendur svara spurningunum hér að ofan í paravinnu og yfir allan hópinn. Nöfn þeirra nemenda sem svara eru dregin út af handahófi og geta sumir nemendur verið dregnir út oftar en einu sinni í hvert sinn. Unnið er sérstaklega með nemendur sem sýna lítinn skilning á efninu.

Kennsluaðferðir og skipulag

Bekkjarkennsluaðferðir - innlagnir í byrjun kennslustundar, samvinnuverkefni, einstaklingsverkefni og önnur vinna sem hæfir verkefnunum hverju sinni. *Smáforrit* og *önnur forrit* notuð til að koma afrakstri vinnunnar til skila. Nemendur nota *leitaraðferðir*, *samvinnuaðferðir*, hönnunarhugsun og fá tækifæri til að sýna ábyrgð og sjálfstæði. Samræðuaðferð, spurningatækni og hæfni í lykilhæfni og leiðsagnarmat er haft til grundvallar í allri kennslu og verkefnavinnu. Endurgjöf kennara og annarra nemenda eru stór hluti af því sem fer fram í kennslutímum. Kennslan byggir á hugmyndum um PBL (sem er bæði Project based learning og Problem based learning). Einnig er stuðst við hugmyndir um áhugasviðsverkefni (inquiry based learning) þar sem nemendur fá

tækifæri til að útfæra verkefni út frá eigin hugmyndum. **Skipulag:** Nemendur fá eina viku afhenda í einu og skipuleggja sig strax á fyrsta degi hvernig þeir ætli að klára verkefni í vikunni. Nemendur nota Google Calendar til að skipuleggja sig. Nemendur leggja mat á hvernig til tókst og skila inn í dagbók á Google Classroom við lok hvernar viku.

Hvað gera nemendur í tímum

Nemendur vinna í hópum (eða pörum) að því að leysa þau verkefni sem þeir hafa fengið og valið að vinna. Verkefni eru að einhverju leiti kennarastýrð en að mestu geta nemendur valið hvaða verkefni þeir ætli að vinna á hverjum tíma og hversu langan tíma þeir ætla í hvert þeirra. Einnig er þeim frjálst að koma með tillögur að skilaaðferðum sem uppfylla þau hæfniviðmið sem unnið er með. Þeir fylgja eigin skipulagi.

Hvernig sést að nemandi hafi náð árangri?

Hvaða leiðir eru mögulegar til að meta fyrri **þekkingu og hæfni** nemandans? Að hvaða sönnunargögnum leitum við? Hver er byrjunarreitur nemandans? Hvaða leiðir eru mögulegar til að meta **framfarir** meðan þemavinnan stendur yfir? Að hvaða sönnunargögnum leitum við?

- Í lok hvernar viku eru nemendur dregnir út til að svara spurningum um námsefni vikunnar sem þeir svara svo allir heyri.
- Nemendur skipuleggja sjálfir vikuna og þeir velja sér að lágmarki tvö hæfniviðmið fyrir hvert fag við lok vikunnar og setja inn í matskvarða sem finna má í Google Classroom. Ef að þeir telja sig uppfylla fleiri, þá tilgreina þeir það í sama matsformi.

1

2

- Í lok lotunnar ætti nemandinn að sjá sína eigin framfarir á þeim markmiðum sem hann hefur sett sér. Til þess að sjá framfarir nemandans er farið í gegnum markmið hans, skráð þátttaka hans í umræðum og verkefni metin miðað við þá matskvarða sem nemandinn setur upp í byrjun.
- Nemandinn metur svo eigin frammistöðu í verkefninu öll, tilgreinir þátttöku í einstökum verkefnum og leggur fram á námsmatsfundi með nemendum og

kennara.

Hvernig er kennslan/námið skipulagt til að vera einstaklingsmiðað

• Hvernig hjálpum við þeim sem eru seinir af stað að koma sér af stað? (Scaffolding)

○ Með því að hafa **tiltækar einfaldar skilgreiningar á hverju lykilhugtaki** sem hægt er að styðjast við. Skrifa á töfluna eða láta nemendur hafa lista. ○ Með því að hafa **tiltæka lista með helstu orðum** sem nemendurnir þurfa að tileinka sér til þess að skrifa um hvert lykilhugtak til að komast af stað við að skrifa einfaldan texta. ○ Nemendur **velja sér** misþunga texta að lesa og vinna með og skrifa sína

texta á sínu getustigi með hjálp orðabóka og samvinnu. ○ Með leiðsagnarmati leggur kennarinn áherslu á að allir nemendur reyni að vinna einu skrefi betur en hann á auðvelt með. ○ Nemendum er blandað í hópa miðað við styrkleika hvers og eins.

Nemendur sem þess þurfa njóta því styrkleika annarra og geta nýtt eigin styrkleika í verkefnum.

• Hvernig er hægt að dýpka viðfangsefnið á krefjandi og skemmtilegan hátt til þess að koma til móts við þá sem bregðast hratt og örugglega við.

○ Nemendur sem eru fljótir að tileinka sér efnið og fljótir að skrifa setja sér námsmarkmið eftir námsgreinum ekki bara með námið yfir höfðuð. ○ Kennarinn beitir **leiðsagnarmati** og hvetur til þess að nemandinn beiti enn ríkari orðaforða og auk við alla texta. ○ Kennarinn hjálpar nemandanum að leiðrétta texta og gera framúrskarandi

vel hvað varðar málfar, stafsetningu og uppsetningu. ○ Kennarinn hvetur nemandann til þess að kafa dýpra í námstækni og kynna sér betur efnið hverju sinni, greina eigin námsstíla og setja sér sérstök markmið um framfarir og skrá hjá sér. ○ Ef að áætlun sem nemendur gera sjálfir reynast ekki passa við getu nemandans, verður það skoðað í vikunni á eftir og ný markmið höfð til hliðsjónar. ○ Áætlun nemenda á að sýna skýra markmiðsetningu og vera nógu víð til að

áhugasvið og metnaður nemenda fái að njóta sín. Með því að gefa nemendum stjórnina í eigin námi verður atbeini þeirra mikil.

1
3

• Hvernig fá nemendur tækifæri til þess að setja sér sín eigin markmið?

- Nemendur setja sér markmið í hverri viku um hvað þau ætla sér að vinna að í tímanum.
- Markmiðabókin sem er á Google Classroom miðar jafnframt að því að þau læri að setja sér markmið á markvissari hátt.

• Hvernig fá nemendur tækifæri til þess að velja sér námsaðferðir eftir námsstíl og áhuga?

- Nemendur velja sér skilaðaferðir sem þurfa að vera fjölbreyttar og sýna metnað nemandans. Þetta er hægt að gera með því að nota mismunandi ritvinnsluforrit, bókagerðarforritum, vefsíðum eða með hvaða tæki sem er.

• Hvað vekur áhugahvöt og forvitni nemandans til að finna svör við þeim spurningum og verkefnum sem verið er að vinna að?

- Verkefnið er skipulagt út frá nemandanum sjálfum, hann er viðfangsefnið.
- Verkefnið tengist fyrirmyndum hvers og eins og hvernig hver og einn getur náð árangri á eigin forsendum.

• Hvaða tækifæri gefast til þjálfna mismunandi hæfnipætti og hvers nemanda fyrir sig?

- Allar markmiðabækurnar eru óskrifað blað þegar nemandinn hefur sína vinnu. Allir hafa tækifæri til þess að þjálfna sína hæfnipætti og óendanleg tækifæri til þess að hver geti unnið á sínum hraða og á sínum forsendum.

• Hvað tækifæri gefast til að auka þekkingu og framfarir nemenda í fleiri einninni námsgrein samhliða?

- Markmiðabókin gefur tækifæri til þess að samþætta ensku, lífsleikni, og upplýsinga og tæknimennt svo eitthvað sé nefnt.

• Skil á verkefnum

- Nemendur skila verkefnum inn á Google Classroom og þurfa að skila öllum verkefnum vikunnar þar inn fyrir lokafrest. Takist það ekki, mun það hafa áhrif á námsmat.

Mat á verkefnum

Öll verkefni sem nemendur eiga að klára eru metin til námsmats. Stuðst er við hæfniviðmiðin í Mentor og birtist námsmatið á hæfnikorti nemandans. Nemendur meta eigin frammistöðu og árangur í sjálfsmati og þeir eru metnir á jafningjagrundvelli í námsmatshópum.

Síðasti skiladagur í hverri viku er sunnudagskvöld en eftir það er ekki tekið við verkefnum og námsmat lagt fyrir eftir vikuna í byrjun næstu viku.

1
4

Nemendur velja að minnsta kosti 2 hæfniviðmið úr hverju þeirra faga sem hér eru nefnd (í lýsingum á vikuáætlun) í hverri viku. Þetta eru öll bóklegu fögin, upplýsingatækni og lykilhæfni. Nemendur eiga ekki að velja sér alltaf sömu hæfniviðmiðin heldur er reikna með að eftir 4 vikur af svona stóru þema, hafi nemendur merkt við 8 hæfniviðmið í hverju þessara faga. Nemendur sem telja sig uppfylla fleiri viðmið, tilgreina það á sjálfsmatsblaðið við lok vikunnar.

Tenging við aðalnámskrá, sjálfbærniviðmið og Dembra

Verkefnin tengjast öllum sex grunnþáttunum – Læsi, Sjálfbærni, Heilbrigði og velferð, Lýðræði og mannréttindi, Jafnrétti og Sköpun. Að auki tengjast þau Dembra markmiðunum sem snúast um að móta hæfni nemenda og koma í veg fyrir kynþáttafordóma og ólýðræðisleg viðhorf. Þau tengjast líka heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem Kópavogsbær hefur sett á oddinn við rekstur sveitarfélagsins. Verkefnin byggja líka á öllum lykilhæfniviðmiðunum sem undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, þjálfar þá í gagnrýnni hugsun, að bera ábyrgð á eigin lífi og námi og eykur hæfni þeirra í samvinnu og að vera sjálfstæðir þjóðfélagsþegnar. Lykilhæfnin á að vera hluti af öllu námi en er hvorki

kennt sérstaklega né metið sérstaklega. Upplýsingatækni á að vera vel sinnt í öllum fögum og er því fagi sinnt vel í þessu verkefni og á að sjást í skilaverkefnum nemenda.

Allar vikurnar:

Lykilhæfni:

Tjáning og miðlun - Nemandi getur:

- tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum,
- hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,
- tekið mið af og lagað framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni,
- gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni.

Skapandi og gagnrýnin hugsun

- spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna,
- skilgreint viðmið um árangur,
- lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt,

1
5

- áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum,
- vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.

Sjálfstæði og samvinna

- gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það,
- gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína,
- unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla,
- gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum,
- haft á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi,
- tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.

Nýting miðla og upplýsinga

- notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám,
- notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda,
- sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.

Ábyrgð og mat á eigin námi

- gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi,
- sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim,
- skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár

Upplýsingatæknimennt

:

Vinnulag og vinnubrögð – Nemandi getur:

- nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum,
- nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám,

- sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum,
- nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt,

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

1
6

- nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi,
- nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt,
- verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga,
- unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá,
- nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða,
- nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.

Tækni og búnaður

- nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna,
- nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu,
- nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar.

Sköpun og miðlun

- nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.

Siðferði og öryggismál

- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu,
- farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.

Hæfniviðmið annarra greina

Samfélagsfræði

:

- sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi,
- fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta,
- aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum,
- lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi,
- metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð,
- gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra,
- lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta,
- lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga,
- sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið,

1

7

- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu,
- lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund,
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum,
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt,
- lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun,
- tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti,
- metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra,
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess,
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum,

- sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.
- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,
- metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt,
- rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga,
- tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum,
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,
- nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda,
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,
- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra,
- rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum,
- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt,
- sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

Íslenska • tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar

framsagnar,

- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,
- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,
- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,
- nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt,
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisni.

- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,

- notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta,
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,
- aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga,
- lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær,
- skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur,
- valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni,
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim,
- skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda,
- gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það,
- notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun,
- nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál,
- áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,
- notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta,
- beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins,
- nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta,
- gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

- sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,
- sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.
- notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra,

1
9

- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum,
- rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni,
- undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði,
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda,
- þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn,
- leyst viðfangsefni sem spröttin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum,
- rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar,
- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum,
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim,
- reiknað út líkur í einföldum tilvikum.

Erlend tungumál

- fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt,
- hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d.

tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

- skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra,
- skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda,
- samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. **Athugið að eftirfarandi á eingöngu við sýnda hæfni í erlendum tungumálum:**
- beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram,
- beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara,
- nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu,
- tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi,
- nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

2
0

Náttúrufræði

- greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra,
- greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir,
- rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi,
- tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.
- útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks,
- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni,
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur,
- sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt,

- hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.
- tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa,
- tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð,
- gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama,
- tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum,
- útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er,
- útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu
- dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs,
- gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.

Möguleg hæfniviðmið í íþróttum, list- og verkgreinum – ekki skylda en val hvort sé uppfyllt og það miðast oftast við verkefni sem nemendur velja að skila:

Skólaíþróttir

- gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun,
- útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja,
- tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu,

List- og verkgreinar Athugið að til þess að fá eitthvað metið hér, þarf verkefnið að tengjast fögunum.

- tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði,
- haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni,

Leiklist: • nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við

- undirbúning og sköpun leikþáttar,
- nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu,
- nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína,
- beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum).

Myndmennt

:

- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun,
- nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.

Tónmennt

:

- notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk.

Heimilisfræði:

- tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar,
- tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar,
- gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.

Hönnun og smíði:

- valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki,
- útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu,
- lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð,
- valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum,
- lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu,
- greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.

Textílmenn:

- beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar,
- unnið með einföld snið og uppskriftir.
- þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli,
- notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla,
- nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.

2

2

Að lotu lokinni – fyrir kennara

Kennarar velja fyrir sér á hvaða þætti nemendur sýndu mestan áhuga og skilning og hvort að einhver nemandi hafi ekki náð þeirri hæfni sem var unnið með. Einnig skrá kennarar hvað hafi gengið vel og hvað þurfi að laga þegar verkefnið er notað næst. Greina þarf ástæður þess og hjálpa nemandanum til að ná hæfninni sem þarf. Sé vandamálið tengt hegðun, þá er haft samband við foreldra til að fá heimilið til samstarfs til að nemandinn dragist ekki óþarflega langt aftur úr náminu sé hætta á því. Það er mikilvægt að athuga hvort að nemandi sé að ná þeim markmiðum sem hann setti sér og fylgja því vel eftir.

Ígrundun: Hvað lærðu kennarar af verkefninu? Var eitthvað sem var erfiðara en annað? Var eitthvað sem reyndist auðveldara en reiknað var með? Var allt nógu vel skipulagt? Hvað þyrfti að gera betur næst?

Góð leið til að auka atbeini nemenda er að láta þá svara spurningum um framgang verkefnisins, t.d. skipulag og undirbúning kennara til að læra af þeim og heyra þeirra álit.

2

3